

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups Íslands um að Knappsstaðasókn sameinist Barðssókn í Skagafjarðarprófastsdæmi.

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, háæruverðugi herra, varðandi beiðni sóknarmanna í Knappsstaðasókn að Knappsstaðasókn í Skagafjarðarprófastsdæmi verði sameinuð Barðssókn í sama prófastsdæmi.

Með skírskotun til tillagna yðar, svo og samþykktar safnaðafunda í báðum sóknum og samþykktar héraðsfundar Skagafjarðarprófastsdæmis, tekur ráðuneytið fram, samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla o. fl. að það samþykkir framangreinda ráðstöfun, þannig að Knappsstaðasókn skuli sameinast Barðssókn í Skagafjarðarprófastsdæmi.“

Nr. 413.

27. nóvember 1978.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, að undanskyldum fæðingarstyrk, skv. 16. gr., skulu hækka um 6.12% frá 1. des. 1978 frá því sem þær voru í nóv. 1978. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Hámark tekjutryggingar (uppbót á lífeyri) samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skal hækka um 9% frá sama tíma. Skertar tekjutryggingar umreiknast samkvæmt því.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. nóvember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Jón Ingimarsson.